

BRÁÐABIRGÐALÖG

128

3. okt.

um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjábóta.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 27 8. september 1931 hefir verið flutt inn nokkuð af erlendu sauðfé til einblendingsræktar til sláturfjábóta, en í þeim lögum er bannað að nota til undaneldis kynblendinga af erlendu fé og islenzku fé.

Það hefir nú farið fram um nokkurt árabil hér í landinu einblendingsrækt á skozku Border-Leicester-fé og islenzku fé og má segja að gefizt hafi vel. Þykir því líklegt, að hagnaður geti verið að því fyrir landbúnaðinn að koma upp blönduðum kynstofni af Border-Leicester-fé og islenzku fé og þykir jafnvel eigi ólíklegt, að slíkir kynblendingar kynnu að hafa meira mótstöðuafli gegn mæðiveiki en islenzkt fé, en það eitt gæti verið næg ástæða til að gera tilraunir í þessa átt, fyrst og fremst í mæðiveikihéruðunum. Það væri þó ekki rétt að leyfa slíka kynblöndun án opinbers eftirlits, og er þá eðlilegast, að eftirlitið yrði falið Búnaðarfélagi Íslands.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, hefir landbúnaðarráðherrann lagt til, að nú þegar yrði hafizt handa um undirbúning að kynblendinga-rækt þessari og telur hann brýna nauðsyn bera til að setja um það bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fellst ráðuneytið út af því á að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjábóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjarræktarfélagum að láta einblendinga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti sauðfjarræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
 (L. S.)

Hermann Jónasson.